

---

**FUNDARGERÐ**

**Fundur:** 98. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.  
**Fundartími:** Mánudagur 16. maí 2011, kl. 13:00-15:30  
**Fundarstaður:** Norðurorka, Rangárvöllum, Akureyri.  
**Fundarefni:** 1) Staða skráningar.  
2) Gögn ársins 2010, Nordel gögn og stuðlar.  
3) Kynning frá DMM.  
4) Umfangsmiklar truflanir hjá Landsneti, skráning veitna  
5) Önnur mál.

---

Á fundinn mættu:

START: Ragnar Stefánsson (Landsnet)  
Rúnar Svavar Svavarsson (Orkuveita Reykjavíkur)  
Ragnar Emilsson (Orkubú Vestfjarða)  
Ívar Þorsteinsson (Orkustofnun)  
Egill Sigmundsson (HS Veitur)  
Kjartan Rolf Árnason (RARIK)  
Gunnar Haukur Gunnarsson (Norðurorka)  
Efla: Ingvar Baldursson  
Fjarverandi: Sigfús Guðlaugsson (Rafveita Reyðarfjarðar)

- 1) Skráning truflana er í góðu horfi hjá öllum veitunum.
- 2) Búið er að taka saman Nordel gögn fyrir árið 2010. IB sýndi töflur með gögnunum. Skýrsla verður síðan tekin saman síðar á árinu. Nordel heyrir sögunni til og er komið inn í ENTSO-E (European Network of Transmission System Operators for Electricity, [www.entsoe.eu](http://www.entsoe.eu)). Í ENTSO-E eru 41 flutningsfyrirtæki frá 34 löndum í Evrópu. Landsnet tekur þátt í þessu samstarfi. RS sagði að Nordel gögnin verða vistuð á þessari síðu. ENTSO-E tekur saman mánaðarlega og árlega tölfræði. eru einnig með fleiri upplýsingar, svo sem uppsett afl og línulengdir. KRÁ spurði um hvort miklar breytingar er á niðurstöðum frá árinu 2009. IB sýndi Nordel skýrslu frá 2009 og voru tölur bornar saman við skýrslu 2010, það eru fleiri tilvik en minni heildarorka í skerðingu á árinu 2010 miðað við árið 2009. Engin veita nema Landsnet er með truflun á 132 kV eða hærri spennu. Umræða var um víðtækar truflanir hjá Landsneti í maí, og síðan þegar Norðurál fer út í tvígang í september. ÍP spyr hvort hægt sé að ráða við tilvik eins og þessi. RS útskýrir hegðun kerfisins

þegar 400 MW fara út, og hvernig bregðast eigi við í tilvikum eins og þessum. En það getur reynst erfitt að bregðast nógu skjótt við, en það hefur tekist.

- 3) Guðmundur Jón Bjarnason frá DMM lausna efh kemur inn á fundinn. Kynnir hann hugmynd að skrá truflanaskráningar í viðhalskerfi (DMM) sem flest allar veitur eru með í notkun. Dreifði hann samantekt um truflanaskráningu í DMM og fór yfir þau atriði sem koma þar fram. Skráning yrði hliðstætt rafskoðun sem fyrirtækin þekkja.

KRÁ spyr hvort það þurfi ekki viðmót fyrir aðgerðina að senda gögn yfir í START grunninn. GJB svara að hér eru margar leiðir að útfærslu. RS spyr um tegund gagnagrunna. GJB svarar Oracle og MS SQL.

RE greinir frá því að þeir eru í átaki að skrá einingaskráningar samkvæmt ákveðnum staðli sem hentar veitufyrirtækjum eins og OV. Þeir nota ekki KKS.

KRÁ spyr um kostnað og þróunartíma. GJB, það tekur ca. viku að koma þessu á koppinn. Síðan bættist við tími að ljúka við útfærsluna. Gerðir verða gátlistar, hliðstætt rafskoðunarferlinu. Telur að gögnin verði réttari í DMM kerfinu.

ÍP spyr IB hve áhrif það hafi ef skýrslur séu skráðar með DMM kerfinu. IB nefnir að skráning þarf að uppfylla kröfur START hópsins. IB telur að gæði skráningar ráðist verulega af viðhorfi starfsmanna í garð skráningar.

Guðmundur yfirgefur fundinn.

IB fer yfir hugbúnað sem er í notkun hjá fyrirtækjunum. LN, OR, HS Veitur og OV nota START forrit til skráningar. Norðurorka notar vefútgáfu START kerfis, sem einnig er í notkun hjá OR. RARIK notar hugbúnað frá DMM. Ný lausn þarf að standast þær kröfur sem START hópurinn hefur sett sér um skráningu truflana. Nefnir að fyrirtækin eru með samning vegna START kerfisins.

KRÁ. RARIK notar sérsniðna lausn frá DMM. Hefur sér „módul“ til að finna umfang skerðingar. Þessi eiginleiki er ekki nýrri lausn.

RSS. OR hefur tekið upp SharerPoint kerfi og einnig sett upp vefútgáfu START kerfis.

GHG nefnir að krafan er um að lausnin sé stöðluð.

RE greinir frá því að OV er að setja upp rafskoðunarpakka frá DMM og síðar kæmi skráning á truflanaskýrslum.

- 4) Umfangsmiklar truflanir. Þetta málefni hefur áður verið til umræðu hjá hópnum. Ef umfangsmikil truflun verður í kerfi Landsnet er þörf að dreifiveiturnar skrá þær einnig.

ÍP segir að hvert fyrirtæki þarf að skrá skýrslu hjá sér.

RS, Landsnet fyrirhugar að skrá straumleysismínútur á afhendingarstað.

Umræða varð um ábyrgð og bótakröfur í kjölfar truflana.

- 5) a) ÍP sagði frá því að í frumvarpi að raforkulögum hafi verið ákvæði um afhendingaröryggi. Fyrirhugað er að tengja tekjumörkin við afhendingaröryggið. Áður en slíkt ákvæði yrði virkt þyrfti að skilgreina næmnina í tekjumörkum og meðalgildi á afhendingaröryggi. Verður það skilgreint í reglugerð. Vinna við reglugerð er ekki hafin. KRÁ nefndi að viðmiðin eru mismunandi hjá veitum, t.d. er munur á milli á dreifbýli og þéttbýli hjá RARIK. RSS spyr hve stór hluti af tekjumörkum verður háð afhendingarörygginu. ÍP svarar því að eftir er að ákveða það. ES nefnir hvort það þurfi að meta truflanir eftir því að skortur á viðhaldi hafi orsakað truflunina. Bendir einnig á að veður getur haft áhrif á stuðlana. RS spyr um markmiðið með þessari tengingu. ÍP svarar því til að með ákvæðinu sé verið að hvetja veiturnar til að bæta kerfi sín. KRÁ leggur áherslu að vanda þurfi vel til útfærslu á þessari reglugerð og haft verði samráð við hagsmunnaðila. Fulltrúar annarra veitna lýstu sömu skoðun. **Að nánar athuguð máli kom í ljós að við síðari umræður um lagaákvæðið hafi umrædd breyting verið felld niður.**

b) ÍP mun láta af störfum hjá Orkustofnum í sumar. Fundarmenn þökkðu Ívari fyrir gott og farsælt samstarf. ÍP fer af fundi.

c) Fyrirvaralítið viðhald. Fyrirspurn kom um þetta atriði kom frá RE. Samkvæmt handbók START kerfis er fyrirvaralítið viðhald skilgreint að fyrirvari sá að minnst 30 mínútur. Ef fyrirvari er lengur en 1 vika er það skipulagt viðhald.

Dreifiveitur hafa flokkað truflun sem skipulagt viðhald, þótt undirbúningstími sé 1 – 2 dagar. Tilkynningar frá dreifveitum er oftast sendar með eins dags fyrirvara, enda væri það viðeigandi fyrirvari gagnvart notendum.

Landsnet er með ársáætlanir um viðhald. Síðan eru vikuáætlanir, þar sem skila þarf inn aðgerðalista þannig að nægjanlegur undirbúningur sé fyrir verkið. RS nefnir að hjá „TSO international comparison group“ er skipulagt viðhald til sem „scheduled work“ sem 2 dagar – 2 vikur og „operation plan“ sem 1-5 ár.

KRÁ nefnir að munur er á viðhaldi í flutningskerfi og dreifikerfi.

Fundarmenn lögðu til að IB kæmi með tillögu að breyttu orðalag í handbók hvar mörkin eru á fyrirvaralítið viðhald og skipulagt viðhald.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn.

Eftir fundinn var farið í kynnisferð sem Gunnar hjá Norðurorku hafði skipulagt. Fyrst var Glerárvirkjun skoðuð, síðan var farið í aðveitustöð hjá Becromal og að lokum var verksmiðjan skoðuð.

Ingvar Baldursson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

- Samantekt frá DMM lausnum, um truflanaskráningu í DMM

Sýnt var en ekki dreift:

- Nordel gögn 2010

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
IB	Endurskoða orðalag í handbók vegna skipulagt / fyrirvaralítið viðhald